

Original Panellack Matt

Piljulakk 10%

Efnislýsing

Original Panellack Matt er glært og silkimatt, vatnsþynnanlegt lakk til notkunar á viðarfleti, svo sem veggjapiljur, loftaplötur, lista og karma o.fl. innanhúss. Original Panellack Matt gefur sterkt og þvottekta yfirborð með innbyggðri UV-vörn sem kemur í veg fyrir gulnun í viðnum. Lakkið má nota sem hlífðarlakk á þússningu, múrsteina og ómeðhöndlaða steypu (sjónsteypu) án þess að áferðin breytist. Mögulegt er að tóna lakkið með litarefnum til að hvítta eða bæsa við.

Á álagsfleti eins og eldhúsbekki og borðplötur er fremur mælt með Original Möbellack. Ekki skal heldur nota Original Panellack Matt á dökka eða veggfóðraða fleti.



Meðhöndlun

1. Hrærið vel í lakkinu fyrir notkun. Munið að bera jafnt á flötinn, eina fjöl í einu, langsum.
2. Ómeðhöndlaður viður skal vera hreinn og laus við viðarkvoðu og fitu. Kvisti og svæði með viðarkvoðu skal hreinsa með rauðspritti.
3. Grunnið með Original Panellack Matt sem þynnt hefur verið með allt að 10% vatni. Eftir þá umferð skal strjúka yfir þurran flötinn með sandpappír nr. 150-180. Lakkið með tveimur umferðum af óþynntu lakkinu.
4. Áður málaða viðarfleti skal þvo með Original Málartvätt og slípa matta áður en lakkað er 1-2 umferðir með Original Panellack Matt.
5. Á sjónsteypu skal bera 1-2 umferðir.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífð verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: Matt 10%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1 klst

Yfirmálun: 2 klst

Hitastig við málun: Minnst +5°C, mest 25°C lofthiti og hiti á undirlagi

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn, mest 10%

Staðlaðir litir: Glær og hvítur

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: 8-12 m²/l

Umbúðir: 1, 2,5 og 10 lítra dósir

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu, svölu og þurru rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC): Hámarksgildi fyrir þessa vöru er (fl. A/e) 130 g/l (2010).

Varan inniheldur mest 3 g/l